

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. 1. nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur Yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

- 1) Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarneskaupstað og Mosfellshreppi) skal matsverð íbúðarhúsnæðis hækka um 60% og verður framreikningsstuðull að því leyti 1.60. Matsverð atvinnuhúsnæðis skal hækka um 45% og verður framreikningsstuðull þar 1.45. Matsverð lóða og landa skal hækka um 50% og verður framreikningsstuðull þar 1.50.
- 2) Utan höfuðborgarsvæðisins skal matsverð fasteigna hækka um 50% og ákveðst framreikningsstuðull að því leyti 1.50. Matsverð útihúsa í sveitum skal þó hækka um 45% og verður framreikningsstuðull þar 1.45.
- 3) Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.

Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignaskrá þeirri, er tók gildi 1. desember 1979, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum, ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og Yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð skv. þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið skv. framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hefur fjármálaráðherra staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats, eins og það er ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með, að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skráum Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1980.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 464/1979 frá 21. nóvember þess árs.

Fjármálaráðuneytið, 24. nóvember 1980.

Ragnar Arnalds.

Gunnlaugur Claessen.